

EFTIRLITSSKÝRSLA

Gámaþjónusta Norðurlands Rangárvöllum, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	1.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Gámaþjónusta Norðurlands	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit varðandi að flutningsker spilliefna eru ekki öll skv. kröfum reglugerðar. Þrjár athugasemdir voru gerðar varðandi geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs utandyra, skil á ársskýrslu og upplýsingum um magn úrgangs og skil á grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Rekstraraðili hefur sett sér umhverfisstefnu og er hana bæði að finna á heimasíðu Gámaþjónustunnar og upp á vegg við inngang á skrifstofu félagsins, þar er einnig að finna öryggisstefnu og gæðastefnu fyrirtækisins. Starfleyfi var aðgengilegt á staðnum.

Grænu bókhaldi og ársskýrslu var skilað til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 30. ágúst sl.

Engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti. Einhverjar kvartanir hafa borist rekstraraðila varðandi ágang fugls á svæðinu en reynt er eftir fremsta megni að halda því niðri. Skemmudrym er haldið lokuðum eins og kostur er og samráð hefur verið haft við meindýraeyðir um aðgerðir gegn fuglinum.

Verklýsingar eru til staðar skv. gr. 2.8 í starfsleyfi.

Í stöðinni er rekin móttaka, flokkun og þökkun fyrir spilliefni en engin meðhöndlun á sér stað nema að brýna nauðsyn beri til og þá er unnið í samvinnu við Efnamóttökuna. Spilliefnin eru flutt suður með Samskipum. Notast er við fiskiker og bamba til flutningsins. Einnig voru spilliefnaker á staðnum en skv. rekstraraðila þá veigra þeir sig við að flytja í þeim kerum þar sem kostnaðurinn við flutning á kerunum aftur norður aftur svo mikill að notast hefur verið við ker sem fargað er um leið og spilliefnunum er fargað. Minnt er á að öll flutningsker skulu vera lekaheld og lokanleg og henta til geymslu og flutnings spilliefna

Þekking starfsmanna er góð að sögn rekstraraðila og lítil mannaskipti.

Mælingar í frárennsli voru framkvæmdar í júní sl. og voru gildi mengunarefna í olíuskilju frá spilliefnamóttöku innan marka starfsleyfis. Gildi mengunarefna í olíuskilju frá móttökustöð voru hins vegar yfir mörkum starfsleyfis sem gefið er út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og fer það með eftirlit með þeim hluta stöðvarinnar. Frárennsli úr spilliefnahlutanum sameinast frárennsli frá móttökustöðinni og þvottaplaninu og var rætt um það í eftirliti hvort að mörk fyrir fráveitu móttökustöðvarinnar séu of þröng. Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins ætlar að kanna hvort að ástæða sé til að endurskoða það í starfsleyfinu.

Gengið var um stöðina og spilliefnagámana. Raftæki og flúorperur stóðu í opnum körum fyrir utan gámana og stóð vatn í sumum kerunum. Aðstaðan í spilliefnagámunum var með ágætum og nokkuð snyrtileg.

Frávik frá

Gr. 3.2 í starfsleyfi og

Lýsing á frávikum

Flutningsker spilliefna eru ekki öll skv. kröfum gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 um spilliefni. En þar kemur fram að eingöngu skuli nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnunum.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að raf- og rafeindatækjaúrgangur er geymdur utandyra, í fiskikerum, óvarinn fyrir vatni og vindum. Skv. gr. 2.9 í starfsleyfi er heimilt að meðhöndla spilliefni og raf- og rafeindatækjaúrgang utandyra í sérútbúnum spilliefnagámum sem eru upplýstir, loftræstir og upphitaðir. Þeir skulu lokaðir og læstir utan vinnutíma og búnir lekavörn sbr. gr. 3.1. Gæta þar þess að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum og þá einkum þeim sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis. Það sama á við um flúorperur sem geymdar eru í kórum utandyra.

Athugasemd er gerð við að ársskýrslu og upplýsingum um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi var ekki skilað á réttum tíma. Skiladagur þessarra upplýsinga er 1. maí ár hvert en gögnunum var skilað þann 31. ágúst sl.

Athugasemd er gerð við að grænu bókhaldi var ekki skilað á réttum tíma, en skiladagur er 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi var skilað með tölvupósti þann 31. ágúst sl.


ANNAÐ

Viðstödd eftirlitið var María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra

Reykjavík, 27.09.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir